# Aðgerðaáætlun 2024-2027

## Með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir

*Soffía Hjördís Ólafsdóttir*

*Deildarstjóri í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir*

*Félagsráðgjafi, MA*

Reykjavík

# Forsaga

**Af hverju ný aðgerðaáætlun?**

Reykjavík

# Hvert erum við að stefna núna?

**Aðgerðaáætlun 2024-2028**

Reykjavík

# Yfirlit aðgerða

1. Uppbygging húsnæðis í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir
    1. 106 nýjar einingar
2. Móttaka fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir sem óska eftir næturgistingu í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar
3. Nýtt neyðarskýli fyrir konur á grundvelli fyrirliggjandi þarfagreiningar
4. Þarfagreining á neyðarskýli fyrir karla ásamt tillögu að rekstrarfyrirkomulagi
5. Draga úr þörf fyrir neyðarrými samhliða húsnæðisuppbyggingu
6. Þarfagreining fyrir sólarhringsþjónustu/íbúðakjarna fyrir heimilislausa karlmenn með miklar og flóknar þjónustuþarfir
7. Aukin stöðugildi í VoR teymi
8. Starfshópur um framkvæmd og útfærslu tillagna til að koma í veg fyrir heimilisleysi ungmenna
9. Í samstarfi við skrifstofu málefna fatlaðs fólks verða settar fram tillögur um hvernig hægt sé að tryggja heimilislausum, með langvarandi stuðningsþarfir vegna fötlunar og vímuefnavanda, viðeigandi búsetuúrræði.
10. Málþing um forvarnir og samtal um heimilisleysi.
11. Að stuðlað verði að opnun virkniúrræða
12. Samtal við ríkið um samþætta þjónustu



# Þrepaskipt þjónusta

- 1. stig – Neyðarmóttaka
- 2. stig – Neyðarskýli
- 3. stig – Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði
- 4. stig – Stakar íbúðir án stuðnings (eftirfylgd HMFÞ), Stakar íbúðir / smáhús með stuðningi VoR teymis. Sólarhringsbúsetuþjónusta fyrir karla og konur.

Reykjavík

# Áskoranir

- Reykjavíkurborg þurfi ekki eitt sveitarfélaga að bera hitann og þungann af þjónustunni og að ríkið móti sér stefnu í málaflokknum. Reykjavíkurborg hefur ítrekað vakið athygli stjórnvalda á stöðunni í málaflokknum.

- Þrátt fyrir ítrekuð samtöl, hafa tilraunir Reykjavíkurborgar til að fá Samtök sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu til samstarfs ekki leitt til þess að sveitarfélögin hafi sett fram áætlanir um viðbrögð við heimilisleysi einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir sem hafa lögheimili utan Reykjavíkur en sækja þjónustu til höfðuðborgarinnar. Velferðarsvið Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness ákváðu á vormánuðum 2022 að fara af stað með samstarfsverkefni í málaflokki heimilislausra. Markmiðið með verkefninu var að m .að móta tillögur um það hvernig bæta mætti þjónustu við þennan hóp með sameiginlegu átaki aðildarsveitarfélaganna. Engar úrbætur hafa verið gerðar af hálfu umræddra sveitarfélaga í kjölfar þessarar vinnu sem bendir til áhugaleysis sveitarfélaganna til úrbóta sem veldur því að þungi af málaflokknum í Reykjavík eykst.

- Það ástand sem ríkir á húsnæðismarkaði í dag takmarkar bjargir einstaklinga í neyð við að finna bæði tímabundið og varanlegt húsnæði á almennum leigumarkaði sem og aðgengi að gistiheimilum. Hins vegar er ekki litið fram hjá því að ástæða heimilisleysis er margþætt og m.a. vegna þess að einstaklingar með miklar og flóknar þjónustuþarfir fá ekki viðeigandi þjónustu frá þeim kerfum sem eiga að þjónusta þá.

- Einstaklingar sem búa við heimilisleysi eru mun líklegri en aðrir einstaklingar til að glíma við geðrænar áskoranir, líkamleg veikindi, vímuefnavanda og þunga áfallasögu. Þá eru þessir einstaklingar líklegri til að eiga mál innan réttarvörslukerfisins og þurfa á aðkomu heilbrigðiskerfisins að halda fremur en einstaklingar sem tilheyra ekki þessum hópi.

- Fjölþættur og flókinn vandi og aðstæður þessara einstaklinga kalla á samþættingu mismunandi þjónustukerfa, þ.e. heilbrigðis,- réttar,- og félagslega kerfisins, sem krefst náinnar samvinnu allra aðila sem koma að málum svo hægt sé að mæta þörfum einstaklingsins. Áfram þarf að vekja athygli á og vinna að því að þjónusta við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir verði samþætt þvert á kerfi og stofnanir.